

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1018  
komudagur 4.3. 2009

Við mótmælum öll  
Félagar í Betri byggð í Mýrdal

Þetta má ekki gerast, við eigum fjallið frá rótum til brúna, svo hefur verið um aldir í leik og starfi, það er okkar prýði og í okkar umsjá.

Við í Betri byggð, íbúar í Vík og í Mýrdal, mótmælum þeirri gerræðislegu og tilhæfulausu hugmynd að friða austurhlíðar Reynisfjalls, þann hluta fjallsins sem snýr að þéttbýlinu. Hvönnin og annar gróður sem er mikill í fjallinu, ásamt sniglunum og músunum, hafa hér fullan frið enda í okkar umsjá og eru okkar prýði og stolt, þetta vita allir sem til þekkja. Við þessu verður ekki hróflað og þrátt fyrir að hvönnin sé okkur kær þá viljum við hafa stjórn á því hvar hún er og látum hana ekki vaða möglunarlaust yfir okkur frekar en þessa friðunarhugmynd og forræðishyggju utanaðkomandi aðilja. Í árhundruð hefur hvönnin úr Reynisfjalli verið nýtt til manneldis, í dag er hún einkum nýtt til lækninga sem kunnugt er. Einnig er fugla- og eggjatekja í fjallinu, þó í minna mæli nú en áður. Ég ítreka að við mótmælum ástæðulausum afskiptum af byggðarlaginu okkar. Við áskiljum okkur allan rétt til að bregðast við þessum gjörningi af fyllstu hörku og þeim krafti sem býr í samtökum okkar og einnig með góðra manna aðstoð.

Fyrir hönd Betri byggðar.

Vík í Mýrdal í janúar 2009.

Gustaf Júlíusson  
Sveinur  
þrátt srg-